

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2019
UST201901-233/E.H.
08.06.02

Efni: Eftirlit 2019 - Olíudreifing – Grundarfjörður.

Þann 14. október sl. fór fram eftirlit hjá Olíudreifingu ehf. í Grundarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu er varðar geymslu á tómun brúsum innan þróar og eitt frávik kom fram er varðar:


1. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Undir úrgangsolíugeymum eða geymsluflátum skal vera olíuhelt plan tengt olíugildru. Sama gildir um undantöppun og áfyllingu íláta. Úrgangsolía er nú geymd á ómalbikuðu plani.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29. nóvember, 2019.

Virðingarfyllst



Einar Halldórsson



Ásta Maack

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Grundarfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	14.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Ásta Maack
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	298888,207 498613,941

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í eftirlit í olíubirgðastöð Olíudreifingar í Grundarfirði. Eitt frávik kom fram frá starfsleyfi er varðar geymslu á úrgangsolíu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir eftirfarandi ákvæði í starfsleyfi:

Grein 1.5

Áætlun um tímabunda og varanlega rekstrarstöðvun er til staðar fyrir allar stöðvar Olíudreifingar ehf.

Greinar 2.1 og 2.4

Umhverfismarkmið eru til staðar sem partur af umhverfisstjórnunarkefi Olíudreifingar (ISO 14001).

Grein 2.3

Starfsmenn og þjónustuaðilar hafa þjálfun til að bregðast við mengunaróhöppum og fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu efna. Upplýsingar um viðkomandi efni eru til staðar í rekstrarhandbók á stöðinni.

Tiltækt á vinnustað:

Eintak af starfsleyfi

Afstöðumynd af birgðastöð

Flæðirit af stöðinni með merkingum geyma og lagna

Viðbragðsáætlun

Rekstrarhandbók

Grein 2.8

Trygging vegna bráðamengunar er til staðar á öllum stöðvum Olíudreifingar sem eru með starfsleyfi.

Greinar 4.1 og 4.3

Rekstrarhandbók og mánaðarblöð voru skoðuð og engar athugasemdir gerðar.

Grein 4.2

Olíugeymar og áfyllingarplön uppfylla kröfur í starfsleyfi og olíupróf Macherey Nagel var framkvæmd í eftirlitinu á frárennslinu og var niðurstaðan innan 15 mg/kg. Þrýstiprófanir lagna fóru fram árið 2108 og á þessu ári fóru botnþykktarmælingar geyma fram.

Farið var í skoðunarferð um stöðina og komið að geymslu á úrgangsolíu sem geymd er á ómalbikuðu plani en skv. grein 3.4 í starfsleyfi skal vera olíuhelt plan tengt olíugildru undir úrgangsolíugeymum eða geymsluflátum.

Frávik frá

Lýsing á frávik

grein 3.4


Undir úrgangsolíugeymum eða geymsluflátum skal vera olíuhelt plan tengt olíugildru. Sama gildir um undantöppun og áfyllingu íláta. Úrgangsolía er nú geymd á ómalbikuðu plani.

ÁBENDINGAR

Tómir brúsar eru innan þróar sem tilheyra ekki starfseminni en skv. gr. 2.3 er rekstraraðila skylt að halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og hafa þar ekki hluti eða efni sem tilheyra ekki starfseminni.

- 1 Frávik: Framkvæmd teist ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.11.2019


Einar Halldórsson